

REGLUGERÐ

um rafsegulsamhæfi.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um rafsegulsamhæfi tækja og fasts búnaðar og skilgreinir hvaða kröfur skuli gerðar til tækja og fasts búnaðar þannig að þau valdi ekki rafsegultruflunum og sé því heimilt að markaðssetja hér á landi og innan EES-svæðisins. Skilgreindar eru grunnkröfur og reglur um rafsegulsamhæfi er varða framleiðslu og starfrækslu slíks búnaðar og eftirlitsaðferðir sem því tengjast.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

- a. búnað sem fellur undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1999/5/EB um þráðlausan búnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra, sem innleidd er í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 90/2007,
- b. flugtæknilegar framleiðsluvörur, íhluti og búnað sem vísað er til í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1592/2002 frá 15. júlí 2002 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, sem innleidd er í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 612/2005 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu,
- c. þráðlausan búnað sem radióáhugamenn nota og fellur undir alþjóða fjarskiptareglur samþykktar innan ramma stofnskrár og samnings Alþjóðafjarskiptasambandsins, nema verslað sé með búnaðinn á frjálsum markaði. Ekki er litið svo á að íhlutasamstæður, sem radióáhugamenn setja saman, og búnaður sem er verslunarvara en er breytt af radióáhugamönnum eða fyrir þá, sé búnaður sem verslað er með á frjálsum markaði,
- d. búnað sem hefur þá eðlisfræðilegu eiginleika að hann veldur ekki eða stuðlar að rafsegultruflunum sem fara yfir viðmiðunarmörk, sem kemur í veg fyrir að þráðlaus fjarskiptabúnaður og annar búnaður virki eins og til var ætlast og
- e. búnað sem hefur þá eðlisfræðilegu eiginleika að hann mun virka án óviðunandi skerðingar, þegar rafsegultruflun sem að öllu jöfnu hefur áhrif á fyrirhugaða notkun hans er til staðar.

2. gr.

Sérstakar ráðstafanir.

Þrátt fyrir ákvæði þessarar reglugerðar er unnt að beita eftirfarandi sérstökum ráðstöfunum:

- a. ráðstöfunum, gerðum fyrir tiltekinn stað til að taka í þjónustu og notkun búnað til að leysa vanda á sviði rafsegulsamhæfi, sem fyrir hendi er eða búist er við, eða
- b. ráðstöfunum til að setja upp búnað til að verja almenna fjarskiptakerfið eða sendi- eða viðtökustöðvar, sem notaðar eru í öryggisskyni.

Stjórnvöld skulu upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA og önnur EES/EFTA ríki um þær sérstöku ráðstafanir sem gerðar hafa verið. Sérstakar ráðstafanir sem hafa verið viðurkenndar sem réttmætar skulu auglýstar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu löggjafar sem varðar öryggi búnaðar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

- a) *Ábyrgðaraðili tækis*: Aðili sem ber ábyrgð á því að uppfylltar séu reglur um rafsegulsamhæfi og markaðssetningu í samræmi við ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim, s.s. framleiðandi, innflytjandi eða aðrir fagmenn ef þeir umbreyta tæki eða hafa á annan hátt áhrif á að grunnkröfur séu uppfylltar.
- b) *Ábyrgðaraðili fasts búnaðar*: Er eigandi hans eða umráðamaður.
- c) *Seljandi*: Allir aðilar í aðfangakeðju viðkomandi búnaðar, þ.m.t. ábyrgðaraðili.
- d) *Búnaður*: Tæki eða fastur búnaður.
- e) *Tæki*: Öll frágengin tæki eða samsetningar þeirra sem fást á almennum markaði sem ein virknieining ætluð fyrir notendur og sem geta valdið rafsegultruflunum eða geta orðið fyrir áhrifum af slíkum truflunum. Í þessari reglugerð skulu „ihlutir“ eða „aðskildar tæknieiningar“ sem ætlast er til að notandi bæti í tæki og geta valdið rafsegultruflun, eða geta orðið fyrir áhrifum frá slíkum truflunum og „færanlegur búnaður“ skilgreindur sem samsetning á tækjum og, eftir atvikum, öðrum búnaði, sem flytja má til og starfrækja á fleiri en einum stað, vera álitin tæki í skilningi reglugerðarinnar.
- f) *Raffang*: Rafmagnstæki og hvers konar hlutur sem að einhverju leyti kemur að gagni við nýtingu raforku, þ.e. til vinnslu, flutnings, dreifingar, geymslu, mælinga, breytinga og notkunar raforku, svo sem spennar, hreyflar, mælitæki, neyslutæki, varnarbúnaður og búnaður til raflagna.
- g) *Fastur búnaður*: Samsetning á mörgum gerðum tækja og, ef við á, öðrum búnaði sem er settur saman, komið fyrir og ætlaður til varanlegrar notkunar á fyrirfram ákveðnum stað.
- h) *Rafsegulsamhæfi*: Geta búnaðar til að starfa eðlilega í rafsegulumhverfi sínu að án þess að valda óviðunandi rafsegultruflunum á öðrum búnaði í því umhverfi.
- i) *Rafsegultruflun*: Öll rafsegulfyrirbæri sem kunna að draga úr nothæfi búnaðar. Rafsegultruflun getur verið rafsegulsuð, óáskilegt merki eða breyting í sjálfu útbreiðsluumhverfinu.
- j) *Ónæmi*: Geta búnaðar til að starfa með óskertum gæðum þrátt fyrir rafsegultruflanir í umhverfi sínu.
- k) *Samhæfðir staðlar*: Tækniforskriftir sem staðfestar hafa verið af viðurkenndum evrópskum staðlasamtökum, í samræmi við reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði, með hliðsjón af grunnkröfum og sem staðfestar hafa verið sem landsstaðlar hér á landi.
- l) *Tilkynntur aðili*: Aðili sem stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að uppfylli viðeigandi kröfur til þess að fást við samræmismat samkvæmt tiltekinni tæknilegri reglugerð.

II. KAFLI

Markaðssetning, grunnkröfur o.fl.

4. gr.

Markaðssetning og notkun búnaðar.

Eingöngu er heimilt að markaðssetja og taka í notkun búnað, eins og hann er skilgreindur í reglugerð þessari, ef hann samræmist kröfum reglugerðarinnar þegar hann er rétt upp settur, við haldið og notaður í tilætluðum tilgangi.

Ekki má hindra, vegna ástæðna sem tengjast rafsegulsamhæfi, að búnaður, sem fellur undir þessa reglugerð og fullnægir kröfum hennar, sé settur á markað eða tekinn í notkun.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. er heimilt að hafa til sýnis á kaupstefnum, sýningum, kynningum eða svipuðum viðburðum, búnað sem ekki er í samræmi við þessa reglugerð, að því tilskildu að vel sýnilegt merki gefi greinilega til kynna að slíkan búnað megi ekki setja á markað eða taka í notkun fyrr en hann hefur verið færður til samræmis við þessa reglugerð. Sýning má aðeins fara fram að því tilskildu að fullnægjandi ráðstafanir séu gerðar til að komast hjá rafsegultruflunum.

5. gr.

Grunnkröfur fyrir tæki og fastan búnað.

Búnaður sem vísað er til í 1. gr. skal mæta eftirfarandi grunnkröfum:

1. Verndarkröfur: Búnaður skal vera þannig hannaður og framleiddur, að teknu tilliti til tæknistigs, að tryggt sé að:
 - a. rafsegultruflun sem myndast fari ekki yfir mörk sem koma í veg fyrir að þráðlaus búnaður og fjarskiptabúnaður eða annar búnaður virki eins og til var ætlast,
 - b. hann hafi ónæmismörk fyrir rafsegultruflunum sem búast má við í fyrirhugaðri notkun hans sem geri honum kleift að starfa án óásættanlegrar skerðingar á fyrirhugaðri notkun hans.
2. Sértekjar kröfur fyrir fastan búnað: Fastan búnað skal setja upp samkvæmt góðum starfsvenjum og virða upplýsingar um fyrirhugaða notkun íhluta hans, með tilliti til þess að mæta verndarkröfum sem um getur í 1. tölul. Þessar góðu starfsvenjur skal skjalfesta og skjölin skal ábyrgðaraðili hafa tiltæk fyrir Neytendastofu í eftirlitsskyni svo lengi sem fasti búnaðurinn er í notkun.

III. KAFLI

Aðferðir við samræmismat tækja, merkingar o.fl.

6. gr.

Samræmi búnaðar við samhæfða staðla.

Búnaður er álitinn uppfylla grunnkröfur, sbr. 5. gr., ef hann uppfyllir íslenska staðla sem taldir eru upp í viðauka VI. við reglugerð þessa sem innleiða samhæfða staðla sem tilvísun hefur verið birt fyrir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. Þetta áætlaða samræmi við grunnkröfur takmarkast við gildissvið þeirra samhæfðu staðla sem beitt er og þær grunnkröfur sem slíkir staðlar fjalla um. Ekki er skyldubundið að uppfylla ákvæði samhæfðra staðla.

7. gr.

Aðferðir við samræmismat tækja.

Um aðferðir við samræmismat tækja gildir reglugerð nr. 957/2006, um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu, eftir því sem við getur átt svo og ákvæði reglugerðar þessarar.

Við samræmismat skv. þessari reglugerð skal jafnframt sýnt fram á að tæki uppfylli grunnkröfur sem vísað er til í 5. gr. með aðferðum sem lýst er í viðauka I (innri framleiðslu-stýring). Framleiðanda eða fulltrúa hans á Evrópska efnahagssvæðinu er heimilt að velja að fylgja aðferðinni sem lýst er í viðauka II.

8. gr.

CE-merking.

Einungis er heimilt að markaðssetja eða taka í notkun tæki sem falla undir reglugerð þessa beri þau CE-merkingu. CE-merkingin er staðfesting á að tækið sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar að undangengnu samræmismati, sbr. 7. gr. Framleiðandi eða fulltrúi hans á Evrópska efnahagssvæðinu ber ábyrgð á áfestingu CE-merkingarinnar og skal það gert eins og kveðið er á um í viðauka IV.

Ekki er heimilt að festa á tæki, umbúðir þeirra eða leiðbeiningar um notkun, merki sem líklegt er að villi um fyrir þriðja aðila hvað varðar þýðingu og form CE-merkingarinnar, eða hindri að hún sjáist vel eða sé vel læsileg.

Hafi Neytendastofa gripið til stjórnvaldsúrræða, sbr. V. kafla þessarar reglugerðar á grundvelli þess að CE-merkið hafi verið ranglega sett á vöru ber framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans að koma á samræmi þessara tækja er varða CE-merkið og önnur þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

9. gr.

Aðrar merkingar og upplýsingar.

Hvert tæki skal auðkenna með gerð, framleiðslu- og raðnúmeri eða hvers kyns öðrum upplýsingum sem gera kleift að bera kennsl á tækið.

Hverju tæki skulu fylgja upplýsingar með nafni og heimilisfangi framleiðanda og, ef hann er ekki með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, nafni og heimilisfangi viðurkennds fulltrúa hans eða þess einstaklings á Evrópska efnahagssvæðinu sem markaðssetur tækin á Evrópska efnahagssvæðinu.

Framleiðandinn skal veita upplýsingar um allar sérstakar ráðstafanir sem gera þarf við samsetningu, uppsetningu, viðhald eða notkun tækisins, til að tryggja að það sé í samræmi við verndarkröfurnar sem um getur í 1. mgr. 5. gr., þegar það er tekið í notkun.

Tækjum, hverra samræmi við verndarkröfur er ekki tryggt í íbúðabyggð, skulu fylgja ótvíræðar upplýsingar um þessa takmörkun notkunar, einnig á umbúðunum þegar við á.

Upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að hægt sé að nota tæki eins og til er ætlast skal vera hluti leiðbeininga sem tækinu fylgja.

10. gr.

Tilkynntir aðilar.

Viðskiptaráðuneytið tilkynnir Eftirlitsstofnun EFTA aðila til að annast hér á landi, þau verkefni sem um getur í viðauka II. Tilkynntir aðilar skulu uppfylla ákvæði viðauka V og skal mat á þeim fara fram í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 24/2006 um faggildingu o.fl. og eins og ráðuneytið kveður nánar á um.

Tilgreina skal hvort aðilarnir séu tilkynntir til að framkvæma þau verkefni, sem um getur í viðauka II, fyrir öll tæki sem falla undir þessa reglugerð, og/eða grunnkröfurnar, sem um getur í 5. gr., eða hvort gildissvið tilkynningarinnar takmarkist við sérstaka tiltekna þætti og/eða flokka tækja.

Aðilar eru álitnir uppfylla ákvæði viðauka V ef þeir uppfylla matsviðmið sem sett eru í viðeigandi samhæfðum stöðlum sem fjalla um slík ákvæði.

Ef tilkynntur aðili uppfyllir ekki lengur tilskilin viðmið eða brýtur af sér skal afturkalla tilkynningu hans, sbr. 1. mgr. Afturköllun skal beint til Eftirlitsstofnunar EFTA, annarra EFTA/EES aðildarríkja og fastanefndar EFTA.

IV. KAFLI
Fastur búnaður.

11. gr.

Fastur búnaður.

Tæki sem hafa verið markaðssett og sem setja má í fastan búnað falla undir öll við-eigandi ákvæði þessarar reglugerðar um tæki. Þó eru undanþegin ákvæðum 5., 7., 8. og 9. gr. tæki sem ætluð eru til að fella inn í ákveðinn, tiltekinn fastan búnað og eru ekki markaðssett með öðrum hætti. Í slíkum tilvikum skulu auðkenni fasta búnaðarins og eiginleikar rafsegul-samhæfis hans koma fram í fylgiskjölum og þar skal nefna varúðarráðstafanir sem gera þarf vegna ísetningar tækisins í hinn fasta búnað til að rýra ekki rafsegulsamhæfi hans við ísetninguna. Þar skulu einnig koma fram þær upplýsingar sem um getur í 1. og 2. mgr. 9. gr.

V. KAFLI
Opinber markaðsgæsla Neytendastofu.

12. gr.

Markaðseftirlit.

Neytendastofa annast markaðseftirlit. Hún fylgist með búnaði á markaði, aflar á skipu- legan hátt upplýsinga um hann og tekur við ábendingum frá neytendum og öðrum aðilum.

Neytendastofu er heimilt að skoða búnað hjá seljanda og krefjast upplýsinga um ábyrgð- araðila. Neytendastofa getur tekið sýnishorn búnaðar til rannsóknar. Seljanda er skylt að halda skrá með upplýsingum um ábyrgðaraðila alls þess búnaðar sem hann hefur á boðstólum.

Ábyrgðaraðila er skylt að halda skrá yfir allan búnað sem hann hefur á boðstólum. Hann skal einnig ávallt hafa tiltæk afrit af EB-samræmisyfirlýsingum fyrir tæki og gögnum sem staðfesta samræmi fasts búnaðar við ákvæði reglugerðar þessarar. Neytendastofa getur einnig krafist ábyrgðaraðila um tæknigögn, fylgiskjöl, leiðbeiningar, tæknilegar upplýsingar og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um búnað.

Neytendastofa getur falið þar til bærri skoðunarstofu að skoða búnað og viðeigandi gögn, rannsaka þau og meta hvort þau samræmist kröfum reglugerðar þessarar. Prófun skal fram- kvæmd af prófunarstofu sem tilkynnt hefur verið af aðildarríki hins Evrópska efnahagssvæðis.

Starfsmenn Neytendastofu og skoðunarstofu eru bundnir þagnarskyldu um atriði er fram koma við rannsókn og varða atvinnuleyndarmál.

13. gr.

Úrræði Neytendastofu vegna tækja.

Ef tæki uppfyllir ekki formleg skilyrði til markaðssetningar skv. 8. og 9. gr. getur Neytendastofa bannað sölu þess.

Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn tækis eða hefur ekki tiltæk gögn skv. 3. mgr. 12. gr. getur Neytendastofa bannað sölu þess.

Ef rökstuddur grunur leikur á að tæki uppfylli ekki grunnkröfur getur Neytendastofa ákveðið tímabundið bann við sölu þess á meðan á rannsókn stendur.

Uppfylli tæki ekki grunnkröfur skal Neytendastofa banna sölu þess og gera allar við- eigandi ráðstafanir til að taka tæki af markaði, banna að það sé sett á markað, tekið í notkun eða takmarka frjálstan flutning á því og upplýsa hlutaðeigandi aðila, sbr. 14. gr.

14. gr.

Úrræði Neytendastofu vegna fasts búnaðar.

Þegar fram koma vísbendingar um að ekki sé farið að ákvæðum um fastan búnað, einkum ef fram koma kvartanir um truflanir frá slíkum búnaði, getur Neytendastofa farið fram

á sönnun ábyrgðaraðila fyrir því að fastur búnaður uppfylli kröfur og þar sem það á við, látið fara fram mat á honum. Ef staðfest er að ákvæði eru ekki uppfyllt getur Neytendastofa krafist stöðvunar á notkun hans þar til úr hefur verið bætt. Ábyrgðaraðila skal veittur eðlilegur frestur til úrbóta.

Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn fasts búnaðar eða hefur ekki tiltæk gögn skv. 3. mgr. 12. gr., eða aðrar upplýsingar og gögn sem áskilin eru skv. reglugerð þessari, getur Neytendastofa krafist stöðvunar á notkun hans þar til úr hefur verið bætt. Ábyrgðaraðila skal veittur eðlilegur frestur til úrbóta.

Neytendastofa skal beina aðgerðum stofnunarinnar að ábyrgðaraðilum fasts búnaðar eða seljendum þegar það á við.

15. gr.

Málsmeðferð og málskot.

Neytendastofa skal, eftir því sem unnt er, hafa samvinnu við ábyrgðaraðila og seljendur um málsmeðferð, s.s. öflun gagna, skoðun, prófanir og aðgerðir, s.s. stöðvun sölu eða notkunar og afturköllun.

Neytendastofu ber að tilkynna aðilum um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er. Ákvörðunin skal studd viðeigandi gögnum, sem eftir aðstæðum geta verið skoðunarskýrslur, prófunarskýrslur eða önnur gögn. Ábyrgðaraðilum skal veittur 10 daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, þ.m.t. að fara fram á prófun eða endurprófun tækis.

Ákvörðunum Neytendastofu má skjóta til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. 11. gr. laga nr. 146/1996 og sbr. 19. gr. a. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, með áorðnum breytingum. Málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

Neytendastofu er heimilt að endurskoða ákvörðun ef breyttar aðstæður eru fyrir hendi.

Ábyrgðaraðili eða seljandi, þegar við á, ber kostnað vegna þeirra sýnishorna tækja sem þeir láta af hendi vegna rannsókna. Að loknum rannsóknum skal sýnishornum skilað eða þau eyðilögð með öruggum hætti. Hið sama gildir vegna prófunar búnaðar, leiði sú prófun í ljós að hann uppfylli ekki grunnkröfur 5. gr.

Um málsmeðferð og úrræði Neytendastofu fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

16. gr.

Tilkynningar til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Ef Neytendastofa bannar sölu eða hindrar á annan hátt, á grundvelli þessarar reglugerðar, markaðssetningu tækis sem ber CE-merkingu, sbr. 8. gr., eða uppfyllir ekki kröfur samkvæmt reglugerð þessari skal hún tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun sína, ásamt rökstuðningi og útskýringum.

Í tilkynningu skv. 1. mgr. skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a. að grunnkröfur sem um getur í 5. gr. hafi ekki verið uppfylltar og tæki ekki í samræmi við samhæfða staðla,
- b. að um ranga beitingu samhæfðra staðla sé að ræða, sbr. 6. gr.
- c. að um sé að ræða galla á samhæfðu stöðlunum, sbr. 6. gr.

17. gr.

Innleiðing.

Reglugerð þessi er sett með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3 frá 27. janúar 2006, um breytingu á X. kafla II. viðauka EES-samningsins og til að taka upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 108 frá 15. desember 2004

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulviðssamhæfi og um niðurfellingu tilskipunar 89/336/EBE.

18. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga nr. 146/1996 og lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og um leið er reglugerð nr. 146/1994 með áorðnum breytingum felld úr gildi, sbr. þó eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 20. júlí 2009 er heimilt að setja á markað eða taka í notkun búnað sem getið er um í reglugerð þessari í samræmi við reglugerð nr. 146/1994 með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytinu, 12. mars 2008.

Björgvin G. Sigurðsson.

Áslaug Árnadóttir.

VIÐAUKI I

**Aðferð við samræmistat sem vísað er til í 7. gr.
(innri framleiðslustýring)**

1. Framleiðandi skal meta rafsegulsamhæfi tækja, á grundvelli viðeigandi einkenna, með tilliti til að mæta verndarkröfum sem um getur í 1. tölul. 5. gr. Rétt beiting viðeigandi samhæfðra staðla er álitin jafngilda því að samræmistat hafi farið fram.
2. Mat á rafsegulsamhæfi skal taka mið af eðlilegum fyrirhuguðum notkunarskilyrðum. Ef samskipan tækis getur verið mismunandi skal mat á rafsegulsamhæfi staðfesta hvort búnaður uppfyllir verndarákvæðin í samræmi við 1. tölul. 5. gr., með allri hugsanlegri samskipan sem framleiðandinn gefur upp sem lýsandi fyrir fyrirhugaða notkun tækisins.
3. Í samræmi við ákvæði viðauka III skal framleiðandinn útbúa tæknigögn sem sýna fram á samræmi tækis við grunnkröfur þessarar reglugerðar.
4. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans á Evrópska efnahagssvæðinu skal hafa tæknigögn tiltæk fyrir lögbær yfirvöld í minnst tíu ár frá síðasta framleiðsludegi slíks búnaðar.
5. Samræmi tækis við allar viðeigandi grunnkröfur skal staðfest með EB-samræmisýfirlýsingu sem gefin er út af framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans á Evrópska efnahagssvæðinu.
6. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans á Evrópska efnahagssvæðinu skal hafa tæknigögn tiltæk fyrir lögbær yfirvöld í minnst tíu ár frá síðasta framleiðsludegi slíks tækis.
7. Hafri hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal sá aðili sem setur tækið á markað á Evrópska efnahagssvæðinu bera ábyrgð á því að EB-samræmisýfirlýsing og tæknigögn séu tiltæk fyrir lögbær yfirvöld.
8. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vörurnar séu framleiddar í samræmi við tæknigögnin sem um getur í 3. lið og við þau ákvæði þessarar reglugerðar sem um þær gilda.

9. Tæknigögnin og EB-samræmisyfirlýsingin skulu gerð í samræmi við ákvæðin í viðauka III.

VIÐAUKI II

Aðferð við samræmismat sem vísað er til í 7. gr.

1. Þessi aðferð felur í sér að beita ákvæðum viðauka I, að viðbættu eftirfarandi:
2. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans á Evrópska efnahagssvæðinu skal afhenda tilkynntum aðila, sem um getur í 10. gr., tæknigögnin og fara fram á að hann meti þau. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans á Evrópska efnahagssvæðinu skal tilgreina hinum tilkynnta aðila hvaða þætti grunnkraftna hann skuli meta.
3. Hinn tilkynnti aðili skal yfirfara tæknigögnin og meta hvort þau sýni á fullnægjandi hátt að þeim kröfum reglugerðarinnar, sem honum er ætlað að meta, sé fullnægt. Ef samræmi búnaðarins er staðfest, skal hinn tilkynnti aðili gefa út yfirlýsingu til handa framleiðandanum eða viðurkenndum fulltrúa hans á Evrópska efnahagssvæðinu sem staðfestir samræmi búnaðarins. Sú yfirlýsing skal takmarkast við þá þætti grunnkraftna sem metnir hafa verið af hinum tilkynnta aðila.
4. Framleiðandinn skal láta yfirlýsingu hins tilkynnta aðila fylgja tæknigögnum.

VIÐAUKI III

Tæknigögn og EB-samræmisyfirlýsing.

1. Tæknigögn.

Tæknigögnin skulu gera það kleift að meta samræmi tækis við grunnkröfur reglugerðarinnar. Þau skulu skýra hönnun, framleiðsluaðferð og virkni tækisins og innihalda sérstaklega:

- a) almenna lýsingu á tækinu,
- b) staðfestingu á samræmi við samhæfða staðla, hafi þeim verið beitt að fullu eða að hluta til,
- c) þegar framleiðandinn hefur ekki beitt samhæfðum stöðlum, eða hefur aðeins beitt þeim að hluta til, lýsingu og útskýringar á þeim ráðstöfunum sem gripið var til til að fullnægja grunnkröfum reglugerðarinnar, þ.m.t. lýsingu á mati á rafsegulsamhæfi, sem sett er fram í 1. lið í viðauka I, niðurstöður hönnunarútreikninga og rannsókna, prófunarskýrslur, o.s.frv.,
- d) yfirlýsing frá tilkynntum aðila, ef fylgt hefur verið aðferðinni sem lýst er í viðauka II.


2. EB-samræmisyfirlýsing.

Í EB-samræmisyfirlýsingu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) tilvísun í reglugerð þessa eða þá tilskipun sem hún byggir á,
- b) auðkenning á tækinu sem hún vísar til, í samræmi við 1. mgr. 9. gr.,
- c) nafn og heimilisfang framleiðandans og, ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa hans á Evrópska efnahagssvæðinu,
- d) dagsett tilvísun til tækniforskrifta sem samræmi er lýst við til að tryggja samræmi tækisins við ákvæði þessarar reglugerðar,
- e) dagsetning yfirlýsingarinnar,
- f) undirskrift og deili á þeim sem undirritar og hefur umboð til að skuldbinda framleiðandann eða viðurkenndan fulltrúa hans.

VIÐAUKI IV
CE-merking sem vísað er til í 8. gr.

CE-merkingin skal samanstanda af hástöfunum „CE“ með eftirfarandi útliti:



CE-merkingin skal vera að minnsta kosti 5 mm á hæð. Ef CE-merkingin er minnkuð eða stækkuð skulu hlutföllin í teikningunni hér að framan haldast óbreytt.

Festa skal CE-merkinguna á tækið eða merkiplötu þess. Ef ekki reynist unnt að framkvæma þetta eða ef það er ástæðulaust vegna eðlis tækisins skal festa merkinguna á umbúðir eða fylgiskjöl.

Ef tækið fellur undir gildissvið annarrar löggjafar, sem fjalla um aðra þætti og þeir kveða einnig á um CE-merkingu, skal merkingin tákna að tækið uppfylli einnig ákvæði þeirrar löggjafar.

Heimili þessi og/eða önnur löggjöf framleiðanda, á aðlögunartíma, að velja hvaða fyrirkomulagi hann beitir skal CE-merkingin eingöngu gefa til kynna samræmi við þá löggjöf sem framleiðandinn hefur beitt. Í því tilviki skulu tilvísanir til þeirrar löggjafar sem framleiðandinn beitir, koma fram í þeim skjölum, auglýsingum eða leiðbeiningum sem krafist er í viðkomandi löggjöf og fylgja slíkum tækjum.

VIÐAUKI V
Viðmiðanir fyrir mat á tilkynntum aðilum.

1. Tilkynntir aðilar skulu uppfylla eftirfarandi lágmarksskilyrði:
 - a) að hafa starfsfólk, fjármuni og búnað eins og þörf krefur,
 - b) starfsfólk skal búa yfir nauðsynlegri tækniþekkingu og faglegum heiðarleika,

- c) sjálfstæði sé tryggt við samningu skýrslna og framkvæmd þess matshlutverks sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
- d) starfsfólk, þ.m.t. tæknimenn, séu óháðir í samskiptum við hagsmunaaðila, hópa eða einstaklinga sem beint eða óbeint koma að þeim búnaði sem um ræðir,
- e) starfsfólk sé bundið þagnarskyldu,
- f) ábyrgðartrygging sé fyrir hendi nema lögbær yfirvöld taki á sig slíka ábyrgð skv. landslögum.

VIÐAUKI VI

Samhæfðir staðlar sem vísað er til í 6. gr. þessarar reglugerðar.

1. *ÍST EN 50065-1:2001* – Merkjasending í lágspennurafbúnaði á tíðnibilinu 3 kHz til 148,5 kHz – 1. hluti: Almennar kröfur, tíðnisvið og rafsegultruflanir.
2. *ÍST EN 50065-2-1:2003* – Merkjasending í lágspennurafbúnaði á tíðnibilinu 3 kHz til 148,5 kHz – Hluti 2-1: Ónæmiskröfur varðandi búnað til boðskipta um almenn rafveitukerfi og kerfi sem virka á tíðnibilinu 95 kHz til 148,5 kHz og ætluð eru til nota í íbúðar-, verslunar- og smáíðnaðarumhverfi, samanber A1:2005.
3. *ÍST EN 50065-2-2:2003* – Merkjasending í lágspennurafbúnaði á tíðnibilinu 3 kHz til 148,5 kHz – Hluti 2-2: Ónæmiskröfur varðandi búnað til boðskipta um almenn rafveitukerfi og kerfi sem virka á tíðnibilinu 95 kHz til 148,5 kHz og ætluð eru til nota í iðnaðarumhverfi, samanber A1:2005.
4. *ÍST EN 50065-2-3:2003* – Merkjasending í lágspennurafbúnaði á tíðnibilinu 3 kHz til 148,5 kHz – Hluti 2-3: Ónæmiskröfur varðandi búnað til boðskipta um almenn rafveitukerfi og kerfi sem virka á tíðnibilinu 3 kHz til 95 kHz og ætluð eru til nota af hálfu sölu- og dreifingaraðila rafmagns, samanber A1:2005.
5. *ÍST EN 50083-2:2001* – Kapaldreifikerfi fyrir sjónvarpsmerki, hljóðmerki og gagnvirk margmiðlunarmerki – 2. hluti: Rafsegulviðssamhæfi búnaðar, samanber A1:2005 (má nota til 1.4.2009).
6. *ÍST EN 50083-2:2006* – Kapaldreifikerfi fyrir sjónvarpsmerki, hljóðmerki og gagnvirk margmiðlunarmerki – 2. hluti: Rafsegulviðssamhæfi búnaðar.
7. *ÍST EN 50090-2-2:1996* – Rafeindakerfi fyrir heimili og byggingar (HBES) – Hluti 2-2: Yfirlit yfir kerfið – Almennar tæknikröfur.
8. *ÍST EN 50091-2:2005* – Órofin aflkerfi (UPS) – Hluti 2: Kröfur um rafsegulviðssamhæfi (EMC) (má nota til 1.10.2008).
9. *ÍST EN 50121-1:2006* – Búnaður til notkunar við járnbrautir – Rafsegulviðssamhæfi – 1. hluti: Almennt.
10. *ÍST EN 50121-2:2006* – Búnaður til notkunar við járnbrautir – Rafsegulviðssamhæfi – 2. hluti: Útgeislun frá járnbrautarkerfinu í heild til umhverfisins.
11. *ÍST EN 50121-3-1:2006* – Búnaður til notkunar við járnbrautir – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 3-1: Járnbrautarvagnar – Lest og farartæki í heild.

12. *ÍST EN 50121-3-2:2006* – Búnaður til notkunar við járnbrautir – Rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 3-2: Járnbrautarvagnar – Tæki.
13. *ÍST EN 50121-4:2006* – Notkun járnbrauta – Rafsegulsviðssamhæfi – 4. hluti: Útgeislun og ónæmi merkja- og fjarskiptatækja.
14. *ÍST EN 50121-5:2006* – Búnaður til notkunar við járnbrautir – Rafsegulsviðssamhæfi – 5. hluti: Útgeislun og ónæmi búnaðar og tækja í föstum aflgjöfum.
15. *ÍST EN 50130-4:1995* – Viðvörunarkerfi – 4. hluti: Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall: Ónæmiskröfur vegna íhluta í eld- og þjófavarnarkerfi og viðvörunarkerfi fyrir fólk, samanber A1:1998 og A2:2003.
16. *ÍST EN 50148:1995* – Rafeindagjaldmælar fyrir leigubíla.
17. *ÍST EN 50240:2004* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vörustaðall fyrir viðnámssuðubúnað.
18. *ÍST EN 50263:1999* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vörustaðall fyrir mælirafliða og varnarbúnað.
19. *ÍST EN 50270:1999* – Rafsegulsviðssamhæfi – Rafmagnsbúnaður til að greina og mæla eldfimar eða eitruðar lofttegundir eða súrefni (má nota til 2009).
20. *ÍST EN 50293:2000* – Rafsegulsviðssamhæfi – Umferðarljós – Vörustaðall.
21. *ÍST EN 50295:1999* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Tengikerfi fyrir stýribúnað og tæki – Tenging nema og stýrirofa (ASI).
22. *ÍST EN 50370-1:2005* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir vélsmíðaverkfæri – 1. hluti: Útgeislun.
23. *ÍST EN 50370-2:2003* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir vélsmíðaverkfæri – 2. hluti: Ónæmi.
24. *ÍST EN 50412-2-1:2005* – Samskiptatæki og kerfi til nota í lágspennuraflögnum á tíðni sviðinu 1,6 MHz til 30 MHz – Hluti 2-1: Íbúðar-, verslunar- og iðnaðarumhverfi – Ónæmiskröfur.
25. *ÍST EN 50428:2005* – Rofar fyrir raflagnir heimila og aðrar ámóta fastar lagnir – Viðbótarstaðall – Rofar og skyldir fylgihlutir til nota í rafeindakerfum fyrir heimili og byggingar (HBES).
26. *ÍST EN 50470-1:2006* – Rafmagnsmælíbúnaður (a.c.) – Hluti 1: Almennar kröfur, prófanir og prófunarskilyrði – Mælíbúnaður (flokkar A, B og C).
27. *ÍST EN 55011:1998* – Iðnaðar-, vísinda- og lækninga- (ISM) útvarpstíðnibúnaður – Einkenni rafsegultruflana – Takmörk og mæliaðferðir, samanber A1:1999 og A2:2002 (má nota til 1.11.2009).
28. *ÍST EN 55011:2007* – Iðnaðar-, vísinda- og lækninga- (ISM) útvarpstíðnibúnaður – Einkenni rafsegultruflana – Takmörk og mæliaðferðir, samanber A2:2007.
29. *ÍST EN 55012:2002* – Bifreiðar, bátar og tæki sem ganga fyrir brunahreyflum – Einkenni loftskeytatruflana – Takmörk og mæliaðferðir til verndar viðtækjum öðrum en þeim sem komið er fyrir í bifreiðinni/bátum/tækinu sjálfu eða í aðlægum bifreiðum/bátum/tækjum, samanber A1:2005.

30. *ÍST EN 55013:2001* – Móttökutæki hljóðvarps- og sjónvarpsútsendinga og tilheyrandi búnaður – Einkenni loftskeytatruflana – Takmörk og aðferðir við mælingu, samanber A1:2003 og A2:2006.
31. *ÍST EN 55014-1:2000* – Rafsegulsviðssamhæfi – Kröfur vegna heimilistækja, rafmagnsverkfæra og ámóta tækja – 1. hluti: Útgeislun, samanber A1:2001 og A2:2002 (má nota til 1.9.2009).
32. *ÍST EN 55014-1:2006* – Rafsegulsviðssamhæfi – Kröfur vegna heimilistækja, rafmagnsverkfæra og ámóta tækja – 1. hluti: Útgeislun.
33. *ÍST EN 55014-2:1997* – Rafsegulsviðssamhæfi – Kröfur vegna heimilistækja, rafmagnsverkfæra og ámóta tækja – 2. hluti: Önæmi – Vöruhópsstaðall, samanber A1:2001.
34. *ÍST EN 55015:2000* – Takmörk og aðferðir við mælingar á einkennum loftskeytatruflana frá rafmagnsljósum og skyldum búnaði, samanber A1:2001 og A2:2002 (má nota til 1.9.2009).
35. *ÍST EN 55015:2006* – Takmörk og aðferðir við mælingar á einkennum loftskeytatruflana frá rafmagnsljósum og skyldum búnaði.
36. *ÍST EN 55020:2002* – Móttökutæki hljóðvarps- og sjónvarpsútsendinga og tilheyrandi búnaður – Önæmiseiginleikar – Takmörk og aðferðir við mælingu, samanber A1:2003 og A2:2005 (má nota til 1.12.2009).
37. *ÍST EN 55020:2007* – Móttökutæki hljóðvarps- og sjónvarpsútsendinga og tilheyrandi búnaður – Önæmiseiginleikar – Takmörk og aðferðir við mælingu.
38. *ÍST EN 55022:1998* – Upplýsingatæknibúnaður – Einkenni loftskeytatruflana – Takmörk og mæliaðferðir, samanber A1:2000 og A2:2003 (má nota til 1.10.2009).
39. *ÍST EN 55022:2006* – Upplýsingatæknibúnaður – Einkenni loftskeytatruflana – Takmörk og mæliaðferðir.
40. *ÍST EN 55024:1998* – Upplýsingatæknibúnaður – Önæmiseiginleikar – Takmörk og mæliaðferðir, samanber A1:2001 og A2:2003.
41. *ÍST EN 55103-1:1996* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir hljóðbúnað, myndbúnað, hljóð- og myndbúnað og ljósastýribúnað til nota í atvinnuskyni – 1. hluti: Útgeislun.
42. *ÍST EN 55103-2:1996* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir hljóðbúnað, myndbúnað, hljóð- og myndbúnað og ljósastýribúnað til nota í atvinnuskyni – 2. hluti: Önæmi.
43. *ÍST EN 60204-31:1998* – Öryggi véla – Rafbúnaður véla – 31. hluti: Sérstakt öryggi og EMC kröfur vegna saumavéla, eininga og kerfa.
44. *ÍST EN 60439-1:1999* – Lágspennurofbúnaður og stýribúnaður – 1. hluti: Búnaður sem hefur verið gerðarprófaður og gerðarprófaður að hluta.
45. *ÍST EN 60669-2-1:2000* – Rofar fyrir raflagnir heimila og ámóta fastar lagnir – Hluti 2-1: Sérstakar kröfur – Rafeindarofar, samanber A2:2001 (má nota til 1.7.2009).
46. *ÍST EN 60669-2-1:2004* – Rofar fyrir raflagnir heimila og ámóta fastar lagnir – Hluti 2-1: Sérstakar kröfur – Rafeindarofar.

47. *ÍST EN 60669-2-2:1997* – Rofar fyrir raflagnir heimila og ámóta fastar lagnir – Hluti 2-2: Sérstakar kröfur – Rafsegulfjarstýrðir rofar (RCS) (má nota til 2009).
48. *ÍST EN 60669-2-3:1997* – Rofar fyrir raflagnir heimila og aðrar ámóta fastar lagnir – Hluti 2-3: Sérstakar kröfur – Tímarofar (má nota til 2009).
49. *ÍST EN 60730-1:1995* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 1. hluti: Almennar kröfur, samanber A11:1996 og A17:2000.
50. *ÍST EN 60730-1:2000* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 1. hluti: Almennar kröfur, samanber A1:2004.
51. *ÍST EN 60730-2-5:1995* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna sjálfvirkra stýrikerfa fyrir rafmagnsbrennara (má nota til 1.12.2008).
52. *ÍST EN 60730-2-5:2002* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna sjálfvirkra stýrikerfa fyrir rafmagnsbrennara, samanber A1:2004 og A11:2005.
53. *ÍST EN 60730-2-6:1995* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna sjálfvirkra þrýstingsnæmra stýritækja að meðtöldum vélrænum kröfum, samanber A1:1997.
54. *ÍST EN 60730-2-7:1991* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna tímaúra og tímarofa, samanber A1:1997.
55. *ÍST EN 60730-2-8:1995* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 2-8. hluti: Sérstakar kröfur vegna rafstýrðra vatnsloka að meðtöldum vélrænum kröfum, samanber A1:1997 og A2: 1997 (má nota til 1.12.2008).
56. *ÍST EN 60730-2-8:2002* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 2-8. hluti: Sérstakar kröfur vegna rafstýrðra vatnsloka að meðtöldum vélrænum kröfum, samanber A1:2003.
57. *ÍST EN 60730-2-9:1995* – Sjálfvirkar rafmagnsstýringar til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna hitanæmra stýringa, samanber A1:1996 og A2:1997 (má nota til 1.12.2008).
58. *ÍST EN 60730-2-9:2002* – Sjálfvirkar rafmagnsstýringar til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna hitanæmra stýringa, samanber A1:2003 og A2:2005.
59. *ÍST EN 60730-2-11:1993* – Sjálfvirkur rafstýribúnaður til heimilisnota og áþekkra nota – 2. hluti: Sérstök ákvæði um orkustilla, samanber A1:1997 og A11:2005.
60. *ÍST EN 60730-2-13:1998* – Sjálfvirkar rafstýringar til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna stýringa sem skynja raka, samanber A11:2005.
61. *ÍST EN 60730-2-14:1997* – Sjálfvirkar rafmagnsstýringar til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna rafknúinna rofa, samanber A1:2001.
62. *ÍST EN 60730-2-18:1999* – Sjálfvirk rafstýrikerfi til heimilisnota og ámóta nota – 2. hluti: Sérstakar kröfur vegna sjálfvirkra rafstýringa fyrir vatns- og loftstreymi, ásamt vélrænum kröfum.

63. *ÍST EN 60870-2-1:1996* – Fjarstýribúnaður og -kerfi – 2. hluti: Notkunarskilyrði – 1. þáttur: Aflgjafi og rafsegulsviðssamhæfi.
64. *ÍST EN 60945:2002* – Siglinga- og fjarskiptabúnaður og -kerfi til nota á sjó – Almennar kröfur – Prófunaraðferðir og kröfur um niðurstöður prófana.
65. *ÍST EN 60947-1:2004* – Lágspennurof- og stýribúnaður – 1. hluti: Almennar reglur (má nota til 2010).
66. *ÍST EN 60947-2:2003* – Lágspennurof- og stýribúnaður – 2. hluti: Aflrofar (má nota til 1.7.2009).
67. *ÍST EN 60947-2:2006* – Lágspennurof- og stýribúnaður – 2. hluti: Aflrofar.
68. *ÍST EN 60947-3:1999* – Lágspennurof- og stýribúnaður – 3. hluti: Álagsrofar, skilrofar, álagsskilrofar og rofaeiningar með vörum, samanber A1:2001.
69. *ÍST EN 60947-4-1:2001* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 4-1: Segulrofar og hreyfilræsar – Rafvélrænir segulrofar og hreyfilræsar, samanber A1:2002 og A2:2005.
70. *ÍST EN 60947-4-2:2000* – Lágspennurof- og stýribúnaður – 4. hluti: Spólurofar og hreyfilræsar – 2. þáttur: Hálfleiðarahreyfilstýribúnaður og hreyfilræsar fyrir riðstraums-hreyfla, samanber A1:2002 og A2:2006.
71. *ÍST EN 60947-4-3:2000* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 4-3: Spólurofar og hreyfilræsar – hálfleiðarastýribúnaður og -rofar fyrir riðstraumsálag en þó ekki hreyfla, samanber A1:2006.
72. *ÍST EN 60947-5-1:2004* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 5-1: Stýristraumrásabúnaður og -roflutar – Rafvélrænn stýristraumrásabúnaður, samanber A2:2004.
73. *EN 60947-5-2:1998* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 5-2: Stýrirásabúnaður og roflutar – Nálægðarrofar, samanber A2:2004.
74. *ÍST EN 60947-5-3:1999* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 5-3: Stýrirásabúnaður og roflutar – Kröfur um nándarrofa með skilgreindri hegðun í bilunartilvikum (PDF), samanber A1:2005.
75. *ÍST EN 60947-5-6:2000* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 5-6: Stýristraumrásabúnaður og roflutar – Jafnstraumsskilfletir fyrir nálægðarskynjara og rofmagnara (NAMUR).
76. *ÍST EN 60947-5-7:2003* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 5-7: Stýristraumrásabúnaður og roflutar – Kröfur til nálægðarskynjara og rofmagnara með hliðrænu frálagi.
77. *ÍST EN 60947-6-1:1991* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 6-1: Margnota búnaður – Yfirfærslurofbúnaður, samanber A2:1997 (má nota til 1.10.2008).
78. *ÍST EN 60947-6-1:2005* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 6-1: Margnota búnaður – Yfirfærslurofbúnaður.
79. *ÍST EN 60947-6-2:2003* – Lágspennurof- og stýribúnaður – Hluti 6-2: Margnota búnaður: Stýri- og verndarrofar.
80. *ÍST EN 60947-8:2003* – Lágspennurof- og stýribúnaður – 8. hluti: Stýribúnaður fyrir innbyggða hitavörn (PTC) í rafmagnsvélar sem snúast, samanber A1:2006.

81. *ÍST EN 60974-10:2003* – Rafsuðubúnaður – 10. hluti: Kröfur um rafsegulviðssamhæfi (EMC).
82. *ÍST EN 61000-3-2:2000* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 3-2: Takmörk – Takmörk fyrir útgeislun yfirsveiflustrauma (málstraumur búnaðar < 16 A á fasa), samanber A2:2005 (má nota til 1.2.2009).
83. *ÍST EN 61000-3-2:2006* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 3-2: Takmörk – Takmörk fyrir útgeislun yfirsveiflustrauma (málstraumur búnaðar < 16 A á fasa).
84. *ÍST EN 61000-3-3:1995* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 3-3: Takmörk – Takmörkun spennusveiflna og flökts í lágspennudreifikerfum fyrir búnað sem hefur málstraum upp að 16 A, samanber A1:2001 og A2:2005.
85. *ÍST EN 61000-3-11:2000* – Rafsegulviðssamhæfi (EMC) – Hluti 3-11: Takmarkanir á spennubreytingum, spennusveiflum og flöktri í almennum lágspennukerfum – Búnaður með málstraum $\leq 75A$ og háður skilyrtri tengingu.
86. *ÍST EN 61000-3-12:2005* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 3-12: Takmörk – Takmörk fyrir yfirsveiflustrauma sem stafa frá búnaði sem tengdur er almennum lágspennukerfum með málstraum $> 16 A$ og $\leq 75 A$ á fasa.
87. *ÍST EN 61000-6-1:2001* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 6-1: Almennir staðlar – Ónæmi fyrir íbúðar-, verslunar- og smáiðnaðarumhverfi (má nota til 1.12.2009).
88. *ÍST EN 61000-6-1:2007* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 6-1: Almennir staðlar – Ónæmi fyrir íbúðar-, verslunar- og smáiðnaðarumhverfi.
89. *ÍST EN 61000-6-2:2001* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 6-2: Almennir staðlar – Ónæmi fyrir iðnaðarumhverfi (má nota til 1.6.2008).
90. *ÍST EN 61000-6-2:2005* – Rafsegulviðssamhæfi – Hluti 6-2: Almennir staðlar – Ónæmi fyrir iðnaðarumhverfi.
91. *ÍST EN 61000-6-3:2001* – Rafsegulviðssamhæfi (EMC) – Hluti 6-3: Almennir staðlar – Útgeislunarstaðall fyrir íbúðar-, verslunar og smáiðnaðarumhverfi, samanber A11:2004 (má nota til 1.12.2009).
92. *ÍST EN 61000-6-3:2007* – Rafsegulviðssamhæfi (EMC) – Hluti 6-3: Almennir staðlar – Útgeislunarstaðall fyrir íbúðar-, verslunar og smáiðnaðarumhverfi.
93. *ÍST EN 61000-6-4:2001* – Rafsegulviðssamhæfi (EMC) – Hluti 6-4: Almennir staðlar – Útgeislunarstaðall fyrir iðnaðarumhverfi (má nota til 1.12.2009).
94. *ÍST EN 61000-6-4:2007* – Rafsegulviðssamhæfi (EMC) – Hluti 6-4: Almennir staðlar – Útgeislunarstaðall fyrir iðnaðarumhverfi.
95. *ÍST EN 61008-1:1994* – Rafbúnaður – Bilunarstraumsrofar án yfirstraumsvagnar fyrir heimili og svipaða notkun – 1. hluti: Almennar reglur, samanber A2:1994 og A14:1998 (má nota til 1.4.2009).
96. *ÍST EN 61008-1:2004* – Bilunarstraumsrofar án yfirstraumsvagnar fyrir heimili og svipaða notkun – 1. hluti: Almennar reglur.
97. *ÍST EN 61009-1:1994* – Rafbúnaður – Mismunastraumsrofar með yfirstraumsvörn fyrir heimili og svipaða notkun, samanber A1:1995 og A14:1998 (má nota til 1.4.2009).

98. *ÍST EN 61009-1:2004* – Mismunastraumsrofar með yfístraumsvörn fyrir heimili og svipaða notkun – 1. hluti: Almennar reglur.
99. *ÍST EN 61131-2:2003* – Forritanlegur stýribúnaður – 2. hluti: Kröfur og prófanir á búnaði (má nota til 2010).
100. *ÍST EN 61204-3:2000* – Lágspennuafgjafar, jafnstraumsúttak – 3. hluti: Rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
101. *ÍST EN 61326:1997* – Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi, samanber A1:1998, A2:2003 og A3:2003 (má nota til 1.11.2009).
102. *ÍST EN 61326-1:2006* – Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – 1. hluti: Almennar kröfur.
103. *ÍST EN 61326-2-1:2006* – Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-1: Sérstakar kröfur – Prófunarútfærslur, rekstrarskilyrði og nothæfisviðmiðanir fyrir viðkvæman prófunar- og mælingarbúnað sem ætlaður er til notkunar þar sem ekki eru varnir gegn rafsegulsviði.
104. *ÍST EN 61326-2-2:2006* – Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-2: Sérstakar kröfur – Prófunarútfærslur, rekstrarskilyrði og nothæfisviðmiðanir fyrir færanlegan prófunar-, mælingar- og vöktunarbúnað sem notaður er í lágspennudreifikerfum.
105. *ÍST EN 61326-2-3:2006* – Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-3: Sérstakar kröfur – Prófunarútfærsla, rekstrarskilyrði og nothæfisviðmiðanir fyrir ferjöld með innbyggðri eða fjartengdri merkjamótun.
106. *ÍST EN 61326-2-4:2006* – Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-4: Sérstakar kröfur – Prófunarútfærslur, rekstrarskilyrði og nothæfisviðmiðanir fyrir einangrunarvöktunarbúnað skv. IEC 61557-8 og búnað til þess að leita uppi einangrunargalla skv. IEC 61557-9.
107. *ÍST EN 61326-2-5:2006* – Rafbúnaður til nota við mælingar, stýringu og á rannsóknarstofum – Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi – Hluti 2-5: Sérstakar kröfur – Prófunarútfærslur, rekstrarskilyrði og nothæfisviðmiðanir fyrir búnað til nota á vettvangi með samskiptaleti skv. IEC 61784-1, CP 3/2.
108. *ÍST EN 61543:1995* – Bilunarstraumsvarnarbúnaður til heimilisnota og ámóta nota – Rafsegulsviðssamhæfi, samanber A11:2003, A12:2005 og A2:2006.
109. *ÍST EN 61547:1995* – Búnaður til almennra nota við lýsingu – Rafsegulsviðssamhæfi – Kröfur um ónæmi, samanber A1:2000.
110. *ÍST EN 61800-3:1996* – Rafknúin drifkerfi með stillanlegum hraða – 3. hluti: Rafsegulsviðssamhæfi ásamt sérstökum prófunaraðferðum, samanber A1:2000 (má nota til 1.10.2007).
111. *ÍST EN 61800-3:2004* – Rafknúin drifkerfi með stillanlegum hraða – 3. hluti: Rafsegulsviðssamhæfi ásamt sérstökum prófunaraðferðum.
112. *ÍST EN 61812-1:1996* – Skilgreindir tímaliðar til nota í iðnaði – 1. hluti: Kröfur og prófanir, samanber A11:1999.

113. *ÍST EN 62020:1998* – Rafeindaaukahlutir – Bilunarstraumsvakar til heimilisnota og ámóta nota (RCM), samanber A1:2005.
114. *ÍST EN 62040-2:2006* – Órofin aflkerfi (UPS) – Hluti 2: Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
115. *ÍST EN 62052-11:2003* – Rafmagnsmælibúnaður (AC) – Almennar kröfur, prófanir og prófunarskilyrði – 11. hluti: Mælibúnaður.
116. *ÍST EN 62052-21:2004* – Rafmagnsmælibúnaður (a.c.) – Almennar kröfur, prófanir og prófunarskilyrði – 21. hluti: Gjaldskrár- og álagseftirlitsbúnaður.
117. *ÍST EN 62053-11:2003* – Rafmagnsmælibúnaður (a.c.) – Sérstakar kröfur – 11. hluti: Rafvélrænir mælar fyrir raunorku (flokkar 0,5, 1 og 2).
118. *ÍST EN 62053-21:2003* – Rafmagnsmælibúnaður (a.c.) – Sérstakar kröfur – 21. hluti: Rafeindamælar fyrir raunorku (flokkar 1 og 2).
119. *ÍST EN 62053-22:2003* – Rafmagnsmælibúnaður (a.c.) – Sérstakar kröfur – 22. hluti: Rafeindamælar fyrir raunorku (flokkar 0,2 S og 0,5 S).
120. *ÍST EN 62053-23:2003* – Rafmagnsmælibúnaður (a.c.) – Sérstakar kröfur – 23. hluti: Rafeindamælar fyrir raunorku (flokkar 2 og 3).
121. *ÍST EN 62054-11:2004* – Rafmagnsmæling (AC) – Gjaldskrár- og álagseftirlit – 11. hluti: Sérstakar kröfur vegna rafeindaviðtökutækja með gárustýringu.
122. *ÍST EN 62054-21:2004* – Rafmagnsmælibúnaður (a.c.) – Gjaldskrár- og álagseftirlit – 21. hluti: Sérstakar kröfur vegna tímarofa.
123. *ÍST EN 617:2001* – Flæðibúnaður og flæðikerfi – Öryggiskröfur og kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC) varðandi tækjabúnað til nota við geymslu á lausu efni í turnum, tönkum, geymum og skömmturum.
124. *ÍST EN 618:2002* – Flæðibúnaður og flæðikerfi – Öryggiskröfur og kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC) varðandi vélvæddan búnað til flutnings á lausu efni, að undanskildum föstum færíböndum.
125. *ÍST EN 619:2002* – Flæðibúnaður og flæðikerfi – Öryggiskröfur og kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC) varðandi vélvæddan búnað til flutnings á einingum.
126. *ÍST EN 620:2002* – Flæðibúnaður og flæðikerfi – Öryggiskröfur og kröfur um rafsegulsviðssamhæfi varðandi föst færíbönd til flutnings á lausu efni.
127. *ÍST EN 1155:1997* – „Building hardware – Electrically powered hold-open devices for swing doors – Requirements and test methods“ (ekki til íslenskt heiti).
128. *ÍST EN 12015:2004* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir lyftur, rennistiga og færíbönd til fólksflutninga – Útgeislun.
129. *ÍST EN 12016:2004* – Rafsegulsviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir lyftur, rennistiga og færíbönd til fólksflutninga – Ónæmi.
130. *ÍST EN 12895:2000* – Vinnuvél í iðnaði – Rafsegulsviðssamhæfi.
131. *ÍST EN 13241-1:2003* – Hurðir og hlið á iðnaðar-, verslunar- og verkstæðisbyggingar – Vörustaðall – 1. hluti: Vörur án bruna- og reykvarnareiginleika.

132. *ÍST EN 13309:2000* – Byggingavélar – Rafsegulsviðssamhæfi í vélum með innbyggðan raforkugjafa.
133. *ÍST EN 14010:2003* – Öryggi véla – Vélabúnaður til þess að leggja bifreiðum í stæði – Öryggis- og rafsegulsviðssamhæfiskröfur á stigi hönnunar, framleiðslu, uppsetningar og töku í notkun.
134. *ÍST EN ISO 14982:1998* – Vélar fyrir landbúnað og skógrækt – Rafsegulsviðssamhæfi – Prófunaraðferðir og viðtökuskilyrði.
135. *ÍST EN 300 386 VI.2.1:2000* – Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Fjarskiptanetbúnaður; Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
136. *ÍST EN 300 386 VI.3.1:2001* – Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Fjarskiptanetbúnaður; Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
137. *ÍST EN 300 386 VI.3.2:2003* – Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Fjarskiptanetbúnaður; Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
138. *ÍST EN 300 386 VI.3.3:2004* – Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Fjarskiptanetbúnaður; Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC).
139. *ÍST EN 300 386-2 VI.1.3:1997* – Þættir sem varða rafsegulsviðssamhæfi og fjarskiptatíðni (ERM); Fjarskiptanetbúnaður; Kröfur um rafsegulsviðssamhæfi (EMC) – Hluti 2: Vöruhópsstaðall.